

# Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

---

## Skipulags- og umhverfisnefnd

1. júlí 2013. kl 10:00-11:15

Fundarstaður: Hótel Reynihlíð

---

### Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Elín Steingrímsdóttir

### Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(varamaður í fjarveru Karls Emils Sveinssonar)

---

## 1. Arnarvatn 1. Stofnun hótellóðar

S20120302

Erindi frá Hólmfríði Jónsdóttur kt. 241151-2989 f.h. eigenda Arnarvatns 1, (með vísan í leigusamning), þar sem sótt er um heimild til að stofna hótellóð, Olnbogaás 1, skv. deiliskipulagi sem staðfest var 18. júní 2013. Lóðin sem er 7 ha að stærð er í óskiptu landi Arnarvatns. Hluti Arnarvatns 1 í hinni nýju lóð yrði 1,75 ha.

*Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að tilkynna stofnun hennar til landupplýsingardeildar Þjóðskrár.*

## 2. Arnarvatn 2. Stofnun hótellóðar

S20120302

Erindi frá Áshildi Jónsdóttur kt. 100962-2769 f.h. eigenda Arnarvatns 2, (með vísan í leigusamning), þar sem sótt er um heimild til að stofna hótellóð, Olnbogaás 1, skv. deiliskipulagi sem staðfest var 18. júní 2013. Lóðin sem er 7 ha að stærð er í óskiptu landi Arnarvatns. Hluti Arnarvatns 2 í hinni nýju lóð yrði 1,75 ha.

*Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að tilkynna stofnun hennar til landupplýsingardeildar Þjóðskrár.*

### **3. Arnarvatn 3. Stofnun hótellóðar**

S20120302

Erindi frá Kolbirni Arnljótssyni kt. 020360-3649 f.h. eigenda Arnarvatns 3, (með vísan í leigusamning), þar sem sótt er um heimild til að stofna hótellóð, Olnbogaás 1, skv. deiliskipulagi sem staðfest var 18. júní 2013. Lóðin sem er 7 ha að stærð er í óskiptu landi Arnarvatns. Hluti Arnarvatns 3 í hinni nýju lóð yrði 1,75 ha.

*Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að tilkynna stofnun hennar til landupplýsingardeildar Þjóðskrár.*

### **4. Arnarvatn 4. Stofnun hótellóðar**

S20120302

Erindi frá Bergþóru Eysteinsdóttur kt. 290558-4259 f.h. eigenda Arnarvatns 4, (með vísan í leigusamning), þar sem sótt er um heimild til að stofna hótellóð, Olnbogaás 1, skv. deiliskipulagi sem staðfest var 18. júní 2013. Lóðin sem er 7 ha að stærð er í óskiptu landi Arnarvatns. Hluti Arnarvatns 4 í hinni nýju lóð yrði 1,75 ha.

*Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að tilkynna stofnun hennar til landupplýsingardeildar Þjóðskrár.*

### **5. Deiliskipulag Reykjahlíðar. Deiliskipulagslýsing**

S20120901

Tekið fyrir að nýju deiliskipulag Reykjahlíðar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 8. maí s.l. að kynna skipulagslýsingu vegna deiliskipulags Reykjahlíðar eins og 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Umsagnir bárust frá eftirtöldum stofnunum: Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Minjastofnun ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Ekki hefur enn borist umsögn frá Umhverfisstofnun. Þar að auki bárust athugasemdir frá eftirtöldum einstaklingum: Daða Lange Friðrikssyni, Kristínu Þuríði Sverrisdóttur og Sigfúsi Illugasyni.

Pétur Snæbjörnsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

*Skipulags- og umhverfisnefnd vill benda þeim sem gerðu athugasemdir á að hér er ekki um eiginlega deiliskipulagstillögu að ræða heldur kynningu vegna væntanlegrar deiliskipulagsgerðar. Með vísan í skipulagslög nr. 123/2010 skulu í deiliskipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.*

*Þá vill nefndin benda á, vegna athugasemda frá Daða Lange Friðrikssyni, að þótt formaður nefndarinnar sé starfsmaður hjá Reynihlíð hf sem er umsjónaraðili skipulagsgerðarinnar, en heimild sveitarstjórnarinnar til skipulagsgerðar var veitt fyrirtækinu og hluta landeigenda í Reykjahlíð, er hann ekki vanhæfur að fjalla um þetta tiltekna málefni skv. 20. gr. stjórnarsýslulaga nr. 138/2011.*

*Skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir því við skipulags- og byggingarfulltrúa að framkomnum athugasemdum verði komið á framfæri við skipulagsráðgjafa til efnislegrar úrvinnslu við deiliskipulagsgerðina.*

## **6. Dettifoss. Deiliskipulag fyrir þjónustusvæði og áningastað við Dettifoss.**

S20130306

Erindi dags 24. júní 2013 frá Þórði H. Ólafssyni framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem hann óskar eftir að tillaga að deiliskipulagi fyrir þjónustusvæði og áningastað við Dettifoss verði tekin til afgreiðslu í skipulags- og umhverfisnefnd. Deiliskipulagstillagan er afmörkuð við svæði sem er í eigu ríkisins. Að mati umsækjanda liggja öll skilyrði fyrir gerð deiliskipulags fyrir með því að gert er ráð fyrir áningarstað með fjölbreyttri þjónustu í aðalskipulagi bæði Skútustaðahrepps og Norðurþings. Fylgigögn með erindinu eru tillöguuppdráttur að deiliskipulagi í mkv. 1:1000 dags. 18. júní ásamt greinargerð dags 20. júní 2013 frá Landmótun s.f.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að fallið verði frá gerð deiliskipulagslýsingar og sérstakrar kynningar áður en tillagan er lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu eins og heimild er fyrir í 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagsins liggja fyrir í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.*

*Nefndin leggur áherslu á að deiliskipulagi af svæðinu öllu verði hraðað eins og kostur er þar sem aðgengi og öryggi allra ferðamanna verði haft að leiðarljósi*

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að auglýsa deiliskipulagstillögunu eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um þegar fullnægjandi gögn að mati nefndarinnar liggja fyrir.*

## **7. Deiliskipulag Birkilands, frístundabyggðar í landi Voga 3. Tillaga að breytingu**

S20121003

Tekið fyrir að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar, Birkilands í landi Voga 3 skv. deiliskipulagsupprætti og greinargerð dags í október 2010 frá arkitektastofunni Form og Búgarði. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 22. september 2010 að grenndarkynna breytinguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi. Breytingin var grenndarkynnt en engar athugasemdir bárust. Skipulagsstofnun gerði hins vegar athugasemdir við að Skútustaðahreppur birti auglýsingu um samþykki deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem stofnunin taldi að 50% aukning á leyfilegu byggingarmagni væri ekki óveruleg breyting og auglýsa hefði átt breytinguna sem verulega breytingu á deiliskipulaginu.

Deiliskipulagstillagan var auglýst að nýju skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 26. október til og með 7. desember 2012. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartímanum, en athugasemdir bárust frá Umhverfisstofnun 3. janúar 2013. Niðurstaða skipulags- og umhverfisnefndar var sú að athugasemdir UST væru ekki málefnalegar þar sem þær fjölluðu ekki um þau atriði sem breytingartillagan náði til. Deiliskipulagið var sent Skipulagsstofnun til yfirferðar eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um. Skipulagsstofnun gerði hins vegar athugasemdir við að Skútustaðahreppur birti auglýsingu um samþykki deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna þess að hún hafði ekki hlotið formlega afgreiðslu í sveitarstjórn að mati stofnunarinnar auk þess sem gera þyrfti nokkrar lítilsháttar breytingar á greinargerð og deiliskipulagsupprætti.

*Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að koma athugasemdum Skipulagsstofnunar á framfæri við landeigendur og skipulagshöfunda með ósk um að gerðar verði tilheyrandi endurbætur á upprætti og greinargerð. Endurbætt gögn verði síðan lögð fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.*

## **8. Stöng. Deiliskipulag verslunar og þjónustusvæðis (gistihúsasvæðis)**

S20130305

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 22. maí 2013 frá Guðmundi H. Gunnarssyni f.h. Ásmundar Kristjánssonar á Stöng Mývatnssveit, þar sem hann óskar eftir samþykki sveitarstjórnar á skipulagslýsingu vegna vinnu við deiliskipulag fyrir gistihús vegna ferðabjónustu á verslunar- og þjónustusvæði merkt 359-V á gildandi Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Skipulags- og umhverfisnefnd gerði athugasemdir við fyrri tillögu á fundi sínum 27. maí s.l. Innkomin ný gögn 24. júní unnin af GHG þar sem brugðist hefur verið við athugasemdum nefndarinnar.

*Skipulags- og umhverfisnefnd telur að afmörkun deiliskipulagsins hefði þurft að ná til allra fasteigna á jörðinni þar sem gerð yrði grein fyrir framtíðarsýn á þróun búskapar og ferðabjónustu. Nefndin leggur þó til við sveitarstjórn að hún samþykki lýsinguna og feli skipulags- og byggingarfulltrúa að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.*

## 9. Umhverfisstofnun v. Hverfjalls. Umsókn um framkvæmdaleyfi

S20130503

Erindi dags 26. Júní 2013 frá Bergþóru Kristjánsdóttur f.h. Umhverfisstofnunar þar sem sótt er um heimild til að setja upp upplýsingaskilti við Norðvesturuppgöngu við Hverfjall skv. Skiltahandbók 1 D. Skiltin eru í samræmi við drög að deiliskipulagi Hverfjalls og drög að verndaráætlun sama svæðis. Einnig er óskað er eftir framkvæmdaleyfi til að bora eftir köldu vatni norðvestan við Hverfjall. Staðsetning verður í næsta nágrenni bílastæðis norðvestan við Hverfjall. Endanleg staðsetning verður í nánu samráði við Landeigendafélag Voga.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið og feli skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir fyrrgreindum framkvæmdum enda verði haft um þær fullt samráð við landeigendur. Nefndin mælist til þess að á skiltunum verði notast við annað hvort Hverfjall eða Hverfell, ekki bæði nöfnin, hvort verður fyrir valinu má einu gilda.*

Fundi slitið.